



Kröfur til skoðunarstofa sem skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Markmið og umfang

Verklagsregla þessi gildir um þær kröfur sem gerðar eru til skoðunarstofa vegna faggildingar þeirra til að skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara vegna úttektar og samþykktar Mannvirkjastofnunar á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Verklagsreglunni er ætlað að tryggja að þær skoðunarstofur sem fá faggildingu séu hæfar til að framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara sem krafist er skv. lögum um mannvirki.

Lýsing

Almennt

Hafi hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Úttekt Mannvirkjastofnunar felst í að fara yfir niðurstöðu skoðunar faggiltrar skoðunarstofu sem stofnunin hefur samþykkt að megi annast framangreindar skoðanir í samræmi við verklagsreglu þessa.

Samþykki Mannvirkjastofnunar

Mannvirkjastofnun skal samþykkja þær skoðunarstofur sem hafa heimild til að annast skoðanir vegna úttektar stofnunarinnar á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara. Skilyrði fyrir samþykki er að skoðunarstofan hafi faggildingu Einkaleyfastofunnar og uppfylli kröfur verklagsreglu þessarar.

Þrátt fyrir ofangreint getur Mannvirkjastofnun samþykkt skoðunarstofu til bráðabirgða í allt að 12 mánuði ef hún hefur sótt um faggildingu til Einkaleyfastofunnar og lagt fram greinargóða áætlun um á hvern hátt skoðunarstofan áformar að vinna að innleiðingu gæðakerfa og vinnuferla og annarra ákvæða staðalsins og reglugerða. Áætluninni skal skila til faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar og skal hún hljóta samþykki hennar. Í áætluninni skal skilgreina tímasetningu einstakra þátta verkefnisins

Mannvirkjastofnun birtir á heimasíðu sinni lista yfir þær skoðunarstofur sem stofnunin hefur samþykkt að megi annast framangreindar skoðanir.

Kröfur um verlag ofl.

Skoðunarstofur sem skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara skulu vera faggiltar skoðunarstofur af gerð A skv. ISO/IEC 17020 *Samræmismat - Almenn*



viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006 um faggildingu o.fl.

Skilyrði fyrir því að skoðunarstofa megi annast skoðanir á gæðastjórnunarkerfum framangreindra aðila er að skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru hér á eftir undir liðnum *hæfniskröfur*. Í faggildingarskjali skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér, en þeir eru: Gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingastjóra og iðnmeistara

Skoðunarstofur skulu skoða gæðastjórnunarkerfi og meta samræmi þeirra við kröfur sem settar eru fram í verklagsreglu 4.007 um skoðun gæðastjórnunarkerfa hönnuða og hönnunarstjóra, byggingastjóra og iðnmeistara og samkvæmt kröfum í skoðunarhandbók Mannvirkjastofnunar (4.001).

Skoðunarstofur skulu nota skoðunareyðublöð og leiðbeiningar sem birtar eru á vef Mannvirkjastofnunar.

Hæfniskröfur

Hæfi tæknilegs stjórnanda

Tæknilegir stjórnendur skoðunarstofa skulu uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- Hafa menntun sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarfræðingar með a.m.k. þriggja ára reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.
- Hafa starfað að gæða- eða öryggisstjórnun, tekið þátt í uppbyggingu eða þróun gæða- og/eða öryggisstjórnunarkerfa eða tekið þátt í rekstri slíks kerfis, þ. á m. innri gæðaúttektum. Þessi reynsla þarf að spanna a.m.k. 2 ár.

Undantekningu má gera frá framangreindum skilyrðum ef viðkomandi hefur menntun, starfsreynslu og þjálfun sem Mannvirkjastofnun telur fullnægjandi.

Hæfi skoðunarmanna.

Skoðunarmenn skoðunarstofa skulu uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- Hafa menntun sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar, byggingarfræðingar eða iðnmeistararar á byggingarsviði, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga um mannvirki, með a.m.k. tveggja ára reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir.
- Hafa starfað að gæða- eða öryggisstjórnun, tekið þátt í uppbyggingu eða þróun gæða- og/eða öryggisstjórnunarkerfa eða tekið þátt í rekstri slíks kerfis, þ. á m. innri gæðaúttektum. Þessi reynsla þarf að spanna a.m.k. 2 ár.

Undantekningu má gera frá framangreindum skilyrðum ef viðkomandi hefur menntun, starfsreynslu og þjálfun sem Mannvirkjastofnun telur fullnægjandi.



Tilvísanir

Lög nr. 160/2010, um mannvirki

Lög nr. 24/2006, um faggildingu

ISO/IEC 17020 Samræmismat - Almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir